



Deiliskipulag Eldfells



Tillaga til auglýsingar
sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

10. janúar 2025

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð skv. 1. mgr. 41. grein skipulagslaga
nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann

f.h. Vestmannaeyjabæjar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann



Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
1.1 Aðdragandi og tilgangur	3
1.2 Markmið	4
1.3 Listaverk Ólafs Elíassonar	6
3 Tengsl við aðrar áætlanir	9
3.1 Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035	9
3.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038	10
3.3 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	10
3.4 C-hluti náttúruminjaskrár	10
4 Skipulagsskilmálar	11
4.1 Almenn lýsing	11
4.2 Aðaluppdrættir	11
4.3 Mæli- og hæðablöð	11
4.4 Afmörkun	11
4.5 Útsýnnisskýli og pallur	11
4.6 Hringstígur á Eldfell	11
4.7 Aðrir göngustígar	12
4.8 Hönnun og efnisnotkun	12
4.9 Bílastæði	12
4.10 Takmörkun umferðar ökutækja	13
4.11 Búastaðagryfja	13
4.12 Lýsing	13
4.13 Gróður og ágengar tegundir	13
4.14 Merkingar og skilti	13
4.15 Girðingar	14
4.16 Minjar	14
4.17 Veitur	14
5 Umhverfismat áætlunar	15
6 Málsmeðferð	17

A1618-014-U02



1 Inngangur

1.1 Aðdragandi og tilgangur

Í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargossins hefur Vestmannaeyjabær fengið listamanninn Ólaf Elíasson til að hanna listaverk um goslokin þann 3. júlí 1973.

Ríkisstjórn samþykkti að veita styrka af ráðstöfunarfé sínu til Vestmannaeyjabæjar vegna hugmyndavinnu fyrir listaverkið. Ferðamálaráðherra gerði í framhaldi samning um verkefnastyrk við Vestmannaeyjabæ sem undirritaður var 23. maí 2024.

Listaverkið mun standa á nýjum útsýnisstað í Kirkjubæjarhrauni og honum munu tengjast nýjar gönguleiðir um hraunið og á Eldfell. Stórkostlegt útsýni er frá Eldfelli yfir Kirkjubæjarhraun og Vestmannaeyjabæ, í átt til lands og til eyjanna í kring. Markmiðið með nýjum útsýnisstað í hrauninu og gönguleið upp á fjallið er að bæta aðgengi að einstakri náttúru sem myndaðist í eldgosinu 1973 og auðga upplifun gesta af umhverfinu. Listaverkið mun koma til með að undirstrika enn frekar þá náttúrufegurð sem er á svæðinu.



Horft í norðaustur af Eldfelli í átt til lands.



1.2 Markmið

Meginmarkmið uppsetningarinnar í heild er að skapa sjónarhorn og sýn á stórbrotna náttúruna, þar sem lögð verður áhersla á samspil gönguleiða og náttúrumynda. Einnig er þörf fyrir að skilgreina á svæðinu aðkomu gangandi og akandi gesta, bílastæði og aðkomu að verkinu. Mögulega verður lágstemmd lýsing á svæðinu, m.a. við listaverkið.

Markmiðið er að:

- vernda og viðhalda náttúrulegu yfirbragði svæðisins með vandaðri uppbyggingu sem fellur vel að umhverfinu,
- stuðla að jákvæðri upplifun heimamanna og ferðamanna með áhugaverðu listaverki, góðum göngustígum og vandaðri hönnun innviða,
- einfalda stígakerfi með nýjum stíg sem verður hluti af upplifun listaverksins og leggja aðra stíga niður,
- stýra umferð um svæðið og takmarka umferð ökutækja, þ.m.t. vélhjóra og fjórhjóra, með lokun vegslóða á svæðinu til þess að vernda viðkvæma náttúru,
- færa stíga og vegslóða sem lagðir verða niður aftur í náttúrulegt horf,
- skapa öruggt aðgengi að listaverkinu með stígatengingum í átt að bænum og við bílastæði á svæðinu,
- tryggja umferðaröryggi og draga úr truflun af bílaumferð og ásynð bílastæða með því að staðsetja þau þannig að þau skerði ekki upplifun gesta,
- sporna við ágangi framandi plöntutegunda.

Lögð er áhersla á verndun yfirborðs lands og sérstæðra jarðmyndana við alla göngustígagerð þannig að hún valdi sem allra minnstu raski og verði utan svæða þar sem stórbrotnar hraunmyndanir liggja.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð þessari og deiliskipulagsuppdraetti í mælikvarða 1:5.000 og 1:2.000.



Lofthmynd af Heimaey þar sem deiliskipulagssvæðið er afmarkað með blárri brotalínu.



1.3 Listaverk Ólafs Elíassonar


Listaverk Ólafs Elíassonar, sem hefur vinnuheitið *Wanderer's perspective* (sjónarhorn flakkarans) samanstendur af tveimur að því er virðist sjálfstæðum þáttum: kúlulaga skýli og göngustíg sem liggur upp og niður hliðar eldfjallsins. Þessir tveir þættir, þegar þeir eru skoðaðir úr fjarlægð, geta í fyrstu virst erfitt að átta sig á. Útsýnis punktur staðsettur í miðju skýlisins býður hins vegar upp á ákveðið sjónarhorn til að skoða verkið í heild sinni. Frá þessum útsýnispunkti mætast göngustígurinn og þak skýlisins saman og mynda fullkominn hring um Eldfellsgíginn. Þessi sjónrænu áhrif nást með myndleysi (e. anamorphosis), gamalt sjónarhornsbragð þar sem ílangt form virðist öðruvísi þegar það er skoðað frá ákveðnu sjónarhorni.

Listaverkið dregur fram tvær mikilvægustu dagsetningar eldgossins: 23. janúar, daginn sem eldgosið hófst og 3. júlí, daginn sem lokum eldgossins og sigri yfir hrauninu var lýst yfir. Sýndarhringurinn sem umlykur norður hlið fjallsins gefur til kynna suðurátt og rammar inn sólina á hæsta punkti 23. janúar. Hvolft loft skýlisins er með röð af hringlaga holum sem fylgja feril sólarinnar 3. júlí.


Mannvirki útsýnisstaðar listaverksins, sem verður um 4,8 m breitt á alla kanta og 4 m hátt, býður upp á nýja leið til að skoða Eldfell. Hann býður fólki að safnast saman og leita skjóls, á meðan stígurinn býður gestum að klífa tindinn.

Ólafur Elíasson lýsir verkinu svo:


“Verkið sameinar margar hugmyndir sem mér eru kærar: mikilvægi þess að gefa sér tíma til að staldra við og hugsa, finna fyrir tilvistinni hér og nú, véfengja eigin sjónarhorn, hugleiða um afstæði tilverunnar og forvitni um sjónarhorn og upplifanir annarra, ennfremur að velta fyrir sér hreyfingu líkamans og hlutverki hans í því að standa andspænis veröldinni og að móta hana.”



Skýringarmyndir sem sýna legu stígs í landinu og hvernig hann myndar hringform frá sjónarhorni listaverksins. Línurnar gefa ekki raunsanna mynd af því hversu áberandi stígurinn verður.



Stígur upp hlíðar Eldfells gæti verið áþekkur þeim sem settur hefur verið í hlíðar Saxhóls á Snæfellsnesi og gerður er úr kortenstáli.




Hluti af deiliskipulagsuppdraetti, sem sýnir byggingarreit um útsýnisstað listaverks, hringstíg á Eldfell, stíg í gegnum Kirkjubæjarhraun, sem mun tengjast hringstígnum, mögulega áningarstaði og bílastæði (P1, P2 og P3). Akvegur inn í Eldfellsíg (gul lína) verði stytur og endar við P2 þar sem gönguleið liggur áfram inn í gíginn.



3 Tengsl við aðrar áætlanir

3.1 Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035

Skipulagssvæðið er á landnotkunar svæði ÓB-3 (óbyggð svæði) Eldfellshraun, Eldfell og Helgafell í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Svæðið í kringum Eldfell er skilgreint sem hverfisverndarsvæði (rúðustrikað). Skipulagssvæðið er að mestu innan þess en listaverkið sjálft og aðkoma að honum munu standa utan þess.



Hluti af skipulagsupprætti 2 í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 sem sýnir landnotkun á svæðinu. Deiliskipulagssvæðið er sýnt með rauðri brotalínu og mannvirkjagerð skv. deiliskipulagstillögunni fellur að mestu innan appelsínugulu sporöskjunnar.

Samhliða gerð deiliskipulags er gerð tillaga að breytingu á aðalskipulagi, sem heimilar uppbyggingu listaverks um eldgosið í Heimaey árið 1973 og gönguleiðir á Eldfell. Deiliskipulagið, sem heimilar uppbyggingu listaverksins þar með talið nýja gönguleið á Eldfell, aðkomu að verkinu, og frágang á eldri stígum og vegslóðum, styður við meginmarkmið aðalskipulags Vestmannaeyja um að bærinn taki vel á móti ferðamönnum en Eldfell er einn mest sótti ferðamannastaður Heimaeyjar.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að uppbygging styrki innviði samfélagsins í sátt



við íbúa, náttúru og aðrar atvinnugreinar og að gott aðgengi skuli vera að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum. Þar er einnig lögð áhersla á að umferð ferðamanna sé stýrt til að vernda náttúruminjar og að skilgreina hvar stígar eigi að liggja um hverfisvernduð svæði.

3.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Uppsetning listaverksins ásamt gönguleið og útsýnisstöðum í Kirkjubæjarhrauni og á Eldfelli er í samræmi við ákvæði Landsskipulagsstefnu, Áherslu B.7: Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi, og áherslu C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

3.3 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Eldfell og hraunið umhverfis það nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í lögunum segir eftirfarandi um framkvæmdir á slíkum stöðum:

Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.

3.4 C-hluti náttúruminjasrár

Stór hluti svæðisins sem um ræðir er á C-hluta náttúruminjasrár:

723. Helgafell og Eldfell, Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.



4 Skipulagsskilmálar

4.1 Almenn lýsing

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti og í greinargerð þessari. Á skipulagsuppdrætti er byggingarreitur afmarkaður fyrir listaverk Ólafs Elíassonar, sem reisa á til minningar um að 50 ár verða frá lokum Heimaeyjargossins 3. júlí 2023. Tvö ný bílastæði eru merkt inn á uppdráttinn: Aðalbílastæðið (P1) verður við Eldfellsveg, næst útsýnisstað listaverksins og annað (P2) verður sunnar og nær Eldfelli. Bílastæði vestan Eldfells (P3) verður óbreytt. Gert er ráð fyrir nýjum stíg upp á Eldfell og niður aftur, sem myndar hring og er hluti af listaverkinu, . Aðrir stígar verða lagðir niður og færðir í náttúrulegt horf. Vegslóða inn í Eldfellsíginn verður lokað við bílastæði P2, um 450 metrum áður en að komið er inn í gíginn.

4.2 Aðaluppdrættir

Aðaluppdrættir skulu vera í samræmi við deiliskipulag þetta, útgefin mæli- og hæðarblöð, byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

4.3 Mæli- og hæðablöð

Stærðir byggingarreita á deiliskipulagsuppdrætti eru til viðmiðunar. Nákvæmar og málsettar stærðir koma fram á mæli- og hæðarblöðum sem verða gefin út. Á mæliblaði skal vera hnitaskrá og landnúmer. Mæli- og hæðablöð skulu byggja á deiliskipulagi þessu, bæði uppdrætti og greinargerð. Endanleg hæðarsetning listaverks og stíga kemur fram á hæðablöðum.

4.4 Afmörkun

Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er hnitsett á deiliskipulagsuppdrætti. Deiliskipulagssvæðið er um 115 ha að stærð. Mörk deiliskipulagsins fylgja:

- Hverfisverndarsvæði HV-9
- Eldfellsvegi og deiliskipulagsmörkum fyrir sorpbrennslu til norðurs
- Fyrirhuguðum deiliskipulagsmörkum fyrir athafnasvæði AT-2 til austurs

4.5 Útsýnnisskýli og pallur

Byggingarreitur fyrir listaverk Ólafs Elíassonar og pall umhverfis það er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti. Listaverið verður í mesta lagi 6x6m að umfangi og u.þ.b. 5 m að hæð. Gert er ráð fyrir að pallur undir listaverkið geti verið í mesta lagi 14x14 m að stærð I. Staðsetning pallsins og listaverksins innan byggingarreitsins er frjálst en það þarf að staðsetja og hæðarsetja mjög nákvæmlega til þess að stígurinn á Eldfelli myndi hring þegar horft er á hann frá listaverkinu.

4.6 Hringstígur á Eldfell

Órjúfanlegur hluti af listaverki Ólafs Elíassonar er stígur sem liggur upp og niður Eldfell og myndar hring séð frá sjónarhorni við listaverksins. Stígurinn fylgir því ekki



landslaginu og fer á sumum stöðum upp eða niður mjög bratta kafla á fjallinu og verður því að miklu leyti tröppustígur með föstu undirlagi. Hann verður á bilinu 1,5-2,5 m breiður til þess að gangandi vegfarendur geti mæst á honum.

Við hönnun stígsins skal lögð áhersla á að hann falli sem best að náttúrulegu landslagi t.a.m. hvað varðar liti og efnisval. Tryggja þarf að stígurinn sjáist frá útsýnisstað listaverksins í Kirkjubæjarhrauni þannig að hlutverk hans í heildarsamhengi listaverksins virki eins og lagt er upp með.

Gert er ráð fyrir að bæta megi við litlum áningarstöðum eða útsýnispöllum við hringstíginn þar sem gestir geta kastað mæðinni og þar sem ágangur er mikill og verja þarf yfirborð. Hönnun og frágangur útsýnispalla skal vera vandaður og umfang þeirra hógvært. Stærð, umfang og ásýnd þeirra skal ekki bera náttúrulegt umhverfi svæðisins ofurliði.

4.7 Aðrir göngustígar

Leiðbeinandi lega stíga er sýnd á deiliskipulagsuppdraetti en lega þeirra getur breyst við fullnaðarhönnun og eftir því sem listaverkið þróast.

Stígur frá útsýnisstað listaverksins að hringstígnum mun liggja eftir núverandi stíg í lægðum í gegnum úfið hraun. Tryggja skal að hraunið verði fyrir sem minnstu raski við endurbætur á stígnum.

Gert er ráð fyrir að loka þeim stígum sem ekki koma fram á deiliskipulagsuppdraetti. Þeir skulu afmáðir og yfirborð fært til náttúrulegs horfs.

Tryggja skal aðgengi fyrir alla að útssýnisskála listaverksins frá bílastæði (P1) við Eldfellsveg. Stígurinn nýtist einnig sem þjónustuvegur fyrir viðhald og þjónustu í kringum listaverkið.

4.8 Hönnun og efnisnotkun

Mannvirki á svæðinu skulu falla vel að landi og vera til þess fallin að auka á jákvæða upplifun gesta. Hönnun mannvirkja skal taka mið af veðurfari með það markmið að mynda skjólgóð og sólrík svæði þar sem búast má við að gestir staldri við. Einnig verði hugað að aðkomu gesta þegar ekki viðrar vel og jafnvel þegar rökkvar.

Efnisnotkun í mannvirki og innviði á svæðinu skal vera í góðu samræmi við náttúrulegt umhverfi og krafa er gerð um vandaða hönnun og frágang. Til innviða teljast m.a. skilti, bekkir, ruslafötur, girðingar, ljósgjafar, tröppur og útsýnispallar.

4.9 Bílastæði

Tvö ný bílastæði eru merkt inn á uppdráttinn. Aðalbílastæðið (P1) verður næst útsýnisstað listaverksins við Eldfellsveg, með bundnu yfirborði. Gert er ráð fyrir að það geti tekið u.þ.b. 28 fólsbíla og 2 rútur. Annað bílastæði (P2), með malaryfirborði, er við endann á vegi að gíg Eldfells, ætlað fyrir að hámarki 10 bíla. Bílastæði vestan Eldfells (P3) verður áfram í óbreyttri mynd. Leiðbeinandi



staðsetning bílastæða kemur fram á deiliskipulagsupprætti.

Fyrirkomulag bílastæða og hönnun verður sýnd á aðaluppdráttum, mæli- og hæðablöðum. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði byggð upp í áföngum eftir því sem þurfa þykir. Við hönnun og frágang bílastæða skal eftir fremsta megni draga úr áhrifum á ásýnd svæðisins t.a.m. með landslagsmótun. Hönnun og frágangur bílastæða skal vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar. Gera skal ráð fyrir hjólastæðum á eða við bílastæði.

4.10 Takmörkun umferðar ökutækja

Umferð ökutækja verður ekki lengur heimil frá bílastæði P2 inn í gíg Eldfells. Engin umferð vélknúinna ökutækja, þ.m.t. fjórhjóla og mótorhjóla, verður heimil utan tilgreindra akvega, sbr. skipulagsupprátt.

4.11 Búastaðagryfja

Búastaðagryfja, sem er urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang (gler og steinefni), er staðsett í norðvesturhluta deiliskipulagsvæðisins fyrir sunnan móttökustöð fyrir sorp/endurvinnslu. Gryfjan mun starfa áfram en efnið sem þangað er flutt fer í landmótun á svæðinu. Starfsleyfi er í gildi fyrir Búastaðagryfju. Aðkoma að gryfjunni er um vegslóða að sorpvinnslusvæðinu.

4.12 Lýsing

Gert er ráð fyrir að koma megir fyrir dempaðri lýsingu meðfram stíg upp á Eldfell til þess að draga fram hringlaga legu hans, sem er hluti af listaverkinu. Lýsingu verði haldið í lágmarki til að forðast ljósmengun. Beina skal allri lýsingu niður á við og ljósgjafar skulu vera vandaðir og ásýnd þeirra í samræmi við náttúrulegt yfirbragð svæðisins.

4.13 Gróður og ágengar tegundir

Jarðvegur á Eldfelli er orðinn nokkuð stöðugur. Áfram verður unnið að landgræðslu í vestur-, suður- og austurhlíðum fjallsins með grasfræi og lífrænum áburði. Efsta hluta fjallsins verður haldið gróðurlausum.

Framandi plöntutegundir eins og kerfill og lúpína hafa smám saman verið að dreifa úr sér á nýja hrauninu. Lögð er áhersla á að sporna við ágangi framandi plöntutegunda á deiliskipulagssvæðinu, þá sérstaklega viðlistaverkið, á Kirkjubæjarhrauni og Páskahrauni.

4.14 Merkingar og skilti

Skilti verða sett upp til að leiðbeina gestum um svæðið með það markmið að stýra umferð gangandi vegfarenda og vernda umhverfið. Skilti verði lágstemmd og hógvær. Almennu verði skilti að lágmarki á íslensku og ensku.



4.15 Girðingar

Frágangur á girðingum og öðrum innviðum sem notaðir eru til að stýra umferð gangandi vegfarenda skal vera vandaður og snyrtilegur. Landslag verði nýtt eftir fremsta megni til að afmarka svæði eða göngustíga í stað girðinga til að stuðla að jákvæðri upplifun gesta.

4.16 Minjar

Innan deiliskipulagssvæðisins eru engar þekktar minjar en finnast minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2010.

4.17 Veitur

Ekki er gert ráð fyrir neinum veitukerfum vegna listaverksins fyrir utan hófstilla umhverfislýsingu við listaverkið, stíg og bílastæði.



5 Umhverfismat áætlunar

Deiliskipulagið er háð lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem gilda um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim skv. 2. gr. Í töflunni má sjá yfirlit yfir helstu umhverfispætti og áhrif mannvirkjagerðar skv. deiliskipulaginu.

Umhverfispættir	Áhrif skipulagsbreytingar og framkvæmda
Íbúar og heilbrigði manna	Jákvæð áhrif á lýðheilsu þar sem verið er að bæta aðgengi að útivistarsvæði
Líffræðilega fjölbreytni	Mögulega jákvæð áhrif þar sem umferð verður beint á ákveðna stíga og öðrum stígum og vegslóðum verður lokað. Dregið verður úr ágangi framandi plöntutegunda.
Landslag og yfirborð	Jákvæð áhrif á landslag og yfirborð þar sem stígakerfi verður lagað og nýir útsýnisstaðir skilgreindir. Áhersla verður lögð á að vernda landslag og sérstæðar jarðmyndanir.
Jarðmyndanir og jarðvegur	Jákvæð áhrif á jarðmyndanir og jarðveg þar sem stígakerfi verður betur afmarkað og vegslóðum og aukastígum verður lokað sem dregur úr ágangi.
Samgöngur	Engin áhrif. Gert er ráð fyrir nýjum bílastæðum við aðkomuveg til að bæta aðgengi að svæðinu sem gæti aukið umferð. Á sama tíma verður vegslóðum í hrauninu að hluta til lokað þannig að dregið verður úr umferð ökutækja utan skilgreindra vega.
Menningarminjar	Engar menningarminjar eru á svæðinu.
Ferðaþjónusta	Jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og atvinnulíf í bænum.

Eins og fram kemur í töflunni verða umhverfisáhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum fyrst og fremst jákvæð samanborið við núverandi ástand (núll-kost) ef vandað er til verks og passað að göngustígar raski ekki sérstæðum jarðmyndunum. Markmið með breytingunni er að skapa sjónarhorn á stórbrotna náttúru, þar sem lögð verður áhersla á samspil gönguleiða og náttúrumynda. Þannig verður aðgengi bætt að



útivistarperlu og náttúruupplifun þeirra sem heimsækja svæðið auðguð. Því eru fyrst og fremst jákvæð umhverfisáhrif af breytingunni.

Breytingarnar eru einnig í samræmi við stefnu aðalskipulags um að bærinn taki vel á móti ferðamönnum, að uppbygging styrki innviði samfélagsins í sátt við íbúa, náttúru og aðrar atvinnugreinar og að gott aðgengi skuli vera að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum. Í aðalskipulaginu er einnig lögð áhersla á að umferð ferðamanna sé stýrt til að vernda náttúruminjar og að skilgreina hvar stígar eigi að liggja um hverfisvernduð svæði eins og verið er að gera með fyrirhuguðum breytingum.

Ekki verður séð að nein neikvæð áhrif kalli á sérstakar mótvægisaðgerðir eða vöktun.



6 Málsmeðferð

Lýsing var kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og send Skipulagsstofnun til umsagnar í desember 2022. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var kynnt á vinnslustigi í lok árs 2022 og tillaga að deiliskipulagi var kynnt á vinnslustigi í febrúar 2023. Tillögurnar voru auglýstar samhliða 14. mars til 25. apríl 2023 en afgreiðslu frestað vegna óvissupátta sem tengdust framkvæmd verkefnisins. Þar sem langt er liðið frá fyrri auglýsingu voru tillögurnar kynntar á ný á vinnslustigi í lok árs 2024 og eru nú auglýstar að nýju sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að deiliskipulagi Eldfells verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum, sem verður svarað með formlegum hætti. Ábendingum og athugasemdum skal komið til skila gegnum [Skipulagsgátt](mailto:skipulagsgatt@vestmanneyjar.is) eða í netfangið skipulag@vestmanneyjar.is

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillaga að deiliskipulagi fullunnin og lögð fyrir bæjarstjórn ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi, sem tekur ákvörðun um auglýsingu. Tillögurnar verða auglýstar í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á vef sveitarfélagsins og munu liggja frammi á bæjarskrifstofum Vestmannaeyja. Tillögurnar verða sendar umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum, sem verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingatíma liðnum verða tillögurnar afgreiddar í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og sendar Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar. Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.